

Mánudaginn 18. októbermánaðar.

Nr. 27/1897:

Teitur Jónsson

gegn

Bæringi P. Guðbrandssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið af því, að hinn stefndi Bæringur P. Guðbrandsson lenti 2. okt. f. á. í rýskingum við Einar Teitsson, son áfrýjandans Teits bónda Jónssonar í Viðey, og tjáir stefndi, að Einar hafi þá barið sig »2 höfuðhögg, svo að stórsjed hafi á sjer«. Bæringur kallaði síðan út af þessu Einar fyrir sáttanefnd með kæru 3. okt. f. á., til þess að reynt yrði að fá hann til að bæta fyrir áverkann, og með sömu kæru var faðir Einars, áfrýjandinn Teitur Jónsson, kallaður til þess að mæta fyrir sáttanefndinni, til þess að samþykkja sátt þá, er þar kynni að gjörast, með því að Einar var talinn ómyndugur. Á sáttafundinum mætti hvorki Einar nje Teitur faðir hans, og var málinu þá vísað til lands-laga og rjettar eptir kröfu kæranda. Síðan stefndi Bæringur málinu fyrir aukarjett Kjósar og Gullbringusýslu með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og er þá Teiti bónda Jónssyni gefið það að sök, »að sonur hans Einar hafi barið stefnanda (Bæring) hinn 2. þ. m. 2 höfuðhögg, svo að talsverður áverki hefur verið eptir«, og er honum stefnt »ásamt syni hans Einari til að mæta fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu til þess að svara til sakar og dóm að meðtaka fyrir þetta tiltæki sitt til hegningar«

o. s. frv. I aukarjettinum mætti hinn stefndi (Teitur Jónsson) ekki og enginn fyrir hans hönd; var málið þá tekið undir dóm, og síðan dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 15. desbr. f. á. á þá leið, að Einar Teitsson var sýknaður af ákæru Bærings, en Teitur Jónsson var dæmdur til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs og 30 kr. sem málskostnað til Bærings Guðbrandssonar, fyrir þá sök, að hvorki hann nje Einar sonur hans mætti á sáttafund, og er í því efni í dóminum skirskotað til tilskipunar 11. ágúst 1819. Þessum aukarjettardómi hefur Teitur Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 16. júní þ. á., og krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að öðrum kosti, að hann verði algjörlega sýknaður, og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir rjettarins mati. Stefndi Bæringur P. Guðbrandsson hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt lögglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framkomnu skjölum, sbr. N. 1. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Eins og drepið hefur verið á, var Einar Teitsson kallaður fyrir sáttanefnd sem aðili sakar til þess, »að reynt yrði að fá hann til að bæta stefnda fyrir áverkann, sömuleiðis til að greiða hæfilega sekt til fátækra og allan kostnað málsins« En með því að Einar þá var ómyndugur, að eins 17 ára, gat hann eigi gjört sátt í þessa átt, og var því þýðingarlaust að kalla hann fyrir sáttanefndina, að svo miklu leyti sem kærandi fór

fram á sektir og skaðabætur. Þar á móti átti að kalla fjárhaldsmann hans, sem var faðir hans, áfrýjandinn, til sáttafundar, til þess að samið yrði um sátt við hann; hann var nú og að vísu kallaður til sáttafundar, en að eins til þess »að samþykkja þá sætt«, sem kynni að komast á milli Bærings og Einars. Eftir að Einar þannig hafði verið kallaður fyrir sáttanefndina sem aðalvarnaraðili í málinu, er Teiti föður hans stefnt fyrir aukarjettinn með rjettarstefnunni 14. okt. f. á. sem aðalvarnaraðila (»til þess að mæta ásamt syni sínum Einari,« og er svo málið dæmt á þessum grundvelli, eins og áður er frá skýrt. En þessi málsóknar-áferð, þar sem annar er varnaraðili eftir stefnunni en eftir sáttakærunni, getur eigi orðið undirstaða undir lögmætum dómi, og verður því að dæma aukarjettardóminn og alla málsmeðferðina ómerk. Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 12 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn og öll málsmeðferðin í hjerði skal vera ómerk. Stefndi, Bæringur P. Guðbrandsson, greiði áfrýjanda Teiti Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi 12 krónur, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.